



Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2026

MYNL2MA05

Kennari	Íris Jónsdóttir netfang: iris.jonsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudaga frá kl. 12:55 til 13:35	
Námsefni	Efni frá kennara	
Áfangalýsing	Nemandinn þjálfar sig í að umbreyta þrívíðu formi mannslíkamans í tvívíða teikningu. Samvinna sjónskynjunar og hreyfingar handa er efld á ýmsa vegu. Nemandinn tileinkar sér aðferðir til að meta stærðir, stefnu, hlutföll og afstöðu mismunandi líkamsparta og raða saman í heildarmynd. Hann rannsakar á agaðan hátt byggingu og mótun forma mannslíkamans þar sem áhersla er á jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og innsýn í þann samhljóm sem er milli módelteikningar og beina og vöðvabyggingar. Nemandinn beitir einnig frjálsri teikningu þar sem leikur, túlkun og tjáning er í forgrunni. Hann vinnur sjálfstætt að nánari skoðun á módeli og teiknistíl milli kennslustunda og ígrundar stöðugt verk sín í samvinnu.	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Fjölbreytt verkefni unnin jafnt og þétt yfir önnina. Vinnubrögð, virkni og listrænt gildi eru lögð til grundvallar námsmati. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Engin skrifleg próf. Leikni er metin út frá verklagi og færni í útfærslu verkefna. Hæfni er metin út frá sjálfstæði og sköpun í þróun hugmynda.	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Tímaverkefni	50%
	Skissubók	40%
	Virkni	10%
Reglur áfanga	Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir, skili á réttum tíma og mæting uppfylli mætingareglur FS. Ath. breyting á skráningu mætinga verður ekki gerð nema í eina viku frá skráningu. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustundum.	
Annað sem kennari vill láta koma fram	Efnisgjald; sjá Innu Það sem nemandi þarf að kaupa: Blýantar HB, 2B og 6B Strokleður og yddari Skissubók	

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • samvinnu sjónskynjunar og hreyfingar handar í teikningu • jafnvægi, hlutföllum, hreyfingu og mótun forma mannslíkamans • samhljómi milli módelteikningar og beina- og vöðvabyggingar mannslíkamans • aðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta • hvað er ólíkt með rannsóknarvinnu og frjálsri teikningu • hvernig nokkrir listamenn hafa unnið með mannslíkamann í sögunni og samtímanum	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • hreyfa teikniáhald í samræmi og samfellu við skynjun sína • teikna og móta hreyfingu í mismunandi líkamsstöðu í jafnvægi og réttum hlutföllum • móta megin form líkamans • beita hjálparaðferðum til að meta jafnvægi, hlutföll, hreyfingu og afstöðu mismunandi líkamshluta • byggja teikningu sína á rannsóknarvinnu á mannslíkamanum og verkum annarra • skynja og túlka það sem hann sér og upplifir
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • vinna að ýmsum ólíkum verkefnum í módelteikningu • koma auga á hluti/þætti í umhverfi sínu sem tengjast módelteikningu og vinna með þá á eigin forsendum • nýta verk annarra listamanna sem innblástur fyrir eigin verk • taka virkan þátt í umræðu um verk sín og annarra • ígrunda verk sín og vinnuferli og ræða við aðra	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Rannsóknarvinna	3 x 2 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. skil	5 klst.	6 klst.
Alls		108 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 6.-9. janúar	Kynning á námsefni og teikniæfingar	Skissubók – a.m.k. tvær skissur á viku heima alla önnina
2. vika 12.-16. janúar	Myndband – höfuð mannsins - teikning	Alls 4 skissur
3. vika 19.-23. janúar	Staða mannsins - teikning	Alls 6 skissur
4. vika 26.-30. janúar	Staða mannsins - teikning	Alls 8 skissur
5. vika 2.-6. febrúar	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 10 skissur
6. vika 9.-13. febrúar	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 12 skissur
7. vika 16.-20. febrúar <i>Uppbrotsdagur 18. feb</i>	Módelteikning – bygging og stöður. Stoð	Alls 14 skissur
8. vika 23.-27. febrúar <i>Vetrarleyfi 27. feb</i>	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 16 skissur
9. vika 2.-6. mars <i>Námsmatsdagur 2. mars</i>	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 18 skissur
10. vika 9.-13. mars	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 20 skissur
11. vika 16.-20. mars	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 22 skissur
12. vika 23.-27. mars <i>Starfshlaup 27. mars</i>	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 24 skissur
13. vika 6.-10. apríl <i>Annar í páskum 6. apríl</i>	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 26 skissur
14. vika 13.-17. apríl	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 28 skissur
15. vika 20.-24. apríl <i>Sumard. fyrsti 23. apríl</i>	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 30 skissur
16. vika 27. apríl-1. maí <i>Dimissio 30. apríl</i>	Módelteikning – bygging og stöður, stoð	Alls 32 skissur
17. vika 4.-8. maí <i>Stoðdagur 8. maí</i>	Frágangur, skil á verkefnum og skissubók	

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
MYNL2FF05 1. vika 6.-9. janúar	Kynning á námsefninu. Verkefni, línur, hörkustig. Nemendur teikna inn á ljósmyndir fjarviddarlínur og ræði ýmsar tegundir fjarviddar.	Skissubók, a.m.k. tvær skissur á viku.
2. vika 12.-16. janúar	Eins punkta fjarvidd unnin eftir ljósmynd – A3 blað.	Alls 4 skissur
3. vika 19.-23. janúar	Tveggja punkta fjarvidd – A3 blað Tveggja punkta fjarvidd unnin eftir ljósmynd – A3 blað	Alls 6 skissur
4. vika 26.-30. janúar	Frh. á tveggja punkta fjarvidd. Þriggja punkta fjarvidd – A3 blað	Alls 8 skissur
5. vika 2.-6. febrúar	Frh. á þriggja punkta fjarvidd Rýmisfjarvidd – A3 blað	Alls 10 skissur
6. vika 9.-13. febrúar	Frh. á rýmisfjarvidd – A3 blað	Alls 12 skissur
7. vika 16.-20. febrúar <i>Uppbrotsdagur 18. feb</i>	Ljós og skuggi, fjarvidd, staðsetning hluta innan rýmis. Skygging frá einum ljósgjafa	Alls 14 skissur
8. vika 23.-27. febrúar <i>Vetrarleyfi 27. feb</i>	Frágangur og skil á verkefnum og skissubók ekki færri en 32 skissur.	Alls 16 skissur
MYNL2MA05 9. vika 2.-6. mars <i>Námsmatsdagur 2. mars</i>	Kynning á námsefni og teikniæfingar Myndband – höfuð mannsins – teikning	Alls 18 skissur
10. vika 9.-13. mars	Staða mannsins - teikning	Alls 20 skissur
11. vika 16.-20. mars	Módelteikning – bygging og stöður	Alls 22 skissur
12. vika 23.-27. mars <i>Starfshlaup 27. mars</i>	Módelteikning framhald	Alls 24 skissur
13. vika 6.-10. apríl <i>Annar í páskum 6. apríl</i>	Módelteikning framhald	Alls 26 skissur
14. vika 13.-17. apríl	Módelteikning framhald	Alls 28 skissur
15. vika 20.-24. apríl <i>Sumard. fyrsti 23. apríl</i>	Módelteikning framhald	Alls 30 skissur
16. vika 27. apríl-1. maí <i>Dimissio 30. apríl</i>	Módelteikning framhald	Alls 32 skissur
17. vika 4.-8. maí <i>Stoðdagur 8. maí</i>	Frágangur, skil á verkefnum og skissubók	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Íris Jónsdóttir